

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Sölvhólsgötu
101 Reykjavík

Hofsstöðum, 27. febrúar 2020

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga mál no 29/2020

Hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps fagnar því að með umræddum lögum verði fyrirhugað að styrkja sveitarstjórnarstigið með margs konar hætti en hefði viljað að skrefið yrði stærra t.d. farið yrði með lánmarksíbúafjölda upp í 4000 íbúa.


11. gr

Ef lánmarksfjöldi íbúa verður 250 árið 2022 getur það þítt að þau sveitarfélög sem sameinast sveitarfélögum undir 250 íbúum verði í sameiningarviðræðum tvö kjörtímabil í röð og einnig hafa þá sveitarfélög með íbúa færri íbúa en 250 ekki sömu áhrif á þróun mála ef kemur til stærri sameiningar sveitarfélaga á kjörtímabilinu 2022 – 2026. **Því leggur hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps til að fellt verði út úr lögnum að lánmarksíbúafjöldi verði að vera 250 íbúar 2022. Einungis verði lánmarksfjöldi íbúa 2026 1000 íbúar og því verði lánmarksíbúatala íbúa í einu skrefi.**

12. gr

Hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps finnst það ekki sanngjarnt að framlög til sveitarfélaga úr jöfnunarsjóði sem sameinuð verða verði teknar af tekjum sjóðsins og þá skertar greiðslur almenn til allra sveitarfélaga sem því nemur. Það kemur misjafnt niður og m.a. skerðast greiðslur til sveitarfélaga sem ekki eru að sameinast og einnig landshlutasamtaka. **Hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps leggur því til að þær greiðslur sem áætlaðar eru til sameiningarmála úr jöfnunarsjóði umfram það sem hefur verið undanfarin ár komi sem aukaframlag frá ríkinu.**

Virðingarfyllst,



Eggert Kjartansson

oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps